

Fundargerð stjórnar FHD 11.05.16

Fundarstaður : Eiríksgata

Fundartími : 19:45 – 22:00

Mættir voru : Albert Steingrímsson, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Kristín Jónasdóttir og Þorsteinn Friðriksson.

1. Kaldaprófið stóð undir sér, en eitthvað gekk erfiðlega að fá einhverja aðila til að greiða fyrir þá gistingu sem þeir höfðu pantað. Ekkert meiriháttar kom upp á í prófinu og prófið sjálft gekk vel.
2. Endurgreiðslur vegna lóðatíka í prófum, skrifstofa HRFÍ hefur sett fyrningatíma á endurgreiðslur í 4 vikur eftir að prófi líkur. Þetta hefur hvergi verið tilkynnt og er líklega ekki heimilt. Þyrftum að fá skýr svör frá skrifstofu um þetta.
3. Flutningur hunda milli prófa – ákveðið á fundi fulltrúa deilda í tegundarhópi 7 að eðlilegast sé að endurgreiða eftir hvert próf fyrir þá hunda sem falla út (vegna lóðarís eða slysa) í stað þess að færa þá milli prófa. Þegar hundar eru færðir milli prófa skekkir það uppgjör prófsins.
4. Sækiprófin í sumar, búið er að staðfesta komu Arild Walter Hansen og ganga frá flugfarseðli
5. Sett niður dagskrá fyrir opnu húsin, áætlað að þau verði á mánudögum í maí en færast yfir á miðvikudaga í júní. Einnig var að ákveðið að biðja um 500 króna gjald fyrir þátttöku í þeim (líkt og gert er í sýningaþjálfun)

Fleira ekki gert, fundargerð ritaði GG